

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sköpunarmiðstöðina.

1. gr.

Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Sköpunarmiðstöðin og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Fjarðabyggð.

3. gr.

Markmið.

Markmið og tilgangur stofnunarinnar er að stuðla að menningar- og listsköpun í héraði og nærumhverfi sínu. Markmiði og tilgangi sínum skal stofnunin ná með uppbyggingu menningarmiðstöðvar í fasteign stofnunarinnar, námskeiðahaldi, starfrækslu vinnustofu fyrir listafólk, svo og tónleikahaldi, listasýningum og öðrum menningar- og listviðburðum.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur stofnunarinnar eru opinberir styrkir og gjafafé frá almenningi og lögaðilum. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ákveða að innheimt skuli hóflegt gjald af þeim sem nýta aðstöðu stofnunarinnar til að standa undir hluta rekstrarkostnaðar fasteignarinnar, s.s. vegna hita, rafmagns og vatns.

5. gr.

Ráðstöfun fjármuna.

Fjármunum og tekjum stofnunarinnar skal eingöngu varið til:

Fræðslu-, menningar- og listviðburða sem samræmast markmiðum 3. gr. Uppbyggingu og viðhalds á aðstöðu, vinnustofum og verkstæðum sem nauðsynleg eru til að ná markmiðum 3. gr.

Nauðsynlegs viðhalds á fasteign stofnunarinnar.

6. gr.

Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

Una B. Sigurðardóttir, kt. 040383-5309, 10.000 kr.

Vincent F. Wood, kt. 290386-4389, 10.000 kr.

Sköpunarmiðstöðin svf., kt. 450711-0390, 28.295.834 kr. sem samanstendur af fasteign að Bankastræti 1, Stöðvarfirði, fastanúmer F2178403, að bókfærðu verðmæti 26.295.834 kr. og handbæru fé 2.000.000 kr.

7. gr.

Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er 28.315.834 kr. og er það framlag stofnenda stofnunarinnar samkvæmt 5. gr. Stofnfé er óskerðanlegt. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

8. gr.

Stjórn.

Stjórn skal skipuð þremur stjórnarmönnum og tveimur varamönnum.

Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn. Eftirleiðis skal einn stjórnarmaður og einn varamaður tilnefndur af stofnendum en tveir stjórnarmenn og einn varamaður kosnir af fráfarandi stjórn. Stjórn sem skipuð er með þessum hætti ákveður hvort heimildarákvæði um fjölgun stjórnarmanna samkvæmt 3. málsgrein verði nýtt. Að stofnendum gengnum gengur skipunarrétturinn stjórnarmanns og varamanns til erfingja þeirra. Séu þeir ólögráða mun fjárhaldsmaður þeirra koma fram fyrir þeirra hönd.

Stjórnin skal kosin til fimm ára í senn. Alla jafna skal ekki greiða fyrir stjórnarsetu, ef greitt er fyrir störf stjórnar skal þóknunin vera í hófleg. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Tilnefna skal aðila sem hafa faglega innsýn og þekkingu sem samræmist tilgangi og markmiðum stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri og starfsfólk stofnunarinnar hefur heimild til að sitja í stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjóri hefur ekki heimild til að sitja jafnframt sem formaður stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar hefur heimild til að fjölga stjórnarmönnum um tvo og tvo varamenn þannig að stjórnarmenn verði fimm og varamenn fjórir til eins kjörtímabils í senn. Mælst er til að þessir viðbótar stjórnarmenn og varamenn skulu vera tilnefndir annars vegar af stjórn sveitarfélagsins Fjarðabyggðar, kt. 470698-2099, og hins vegar stjórn Austurbrúar ses., kt. 640512-0160. Þessir stjórnarmenn koma ekki að kosningu nýrra stjórnarmanna.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en kosnir skulu a.m.k. formaður, ritari, sem jafnframt skal vera varaformaður og gjaldkeri.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Meirihluti stjórnar skuldbindur stofnunina og getur veitt prókúruumboð.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Fyrir lok hvers árs skal fjalla um og samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár. Verði fyrirséð að frávík verði á starfs- og fjárhagsáætlun skal framkvæmdastjóri upplýsa stjórn. Stjórn skal þá fjalla um og samþykkja breytingar á starfs- og fjárhagsáætlun.

Hver ný stjórn skal við upphaf stjórnartíðar sinnar móta og leggja fram starfsáætlun til 5 ára, samanber 3. gr. skipulagsskrár þessarar, sem tekur utan um helstu markmið og leiðir í starfsemi stofnunarinnar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði jafnt hefur atkvæði formanns úrslitavald. Ákveði stjórnin að selja fasteign stofnunarinnar að heild eða að hluta þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar.

Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

9. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Stjórnarfundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Halda skal aðalfund að vori. Stjórn stofnunarinnar skal fyrir lok júní fjalla um og samþykkja ársreikning fyrra starfsárs og ársskýrslu stjórnar.

10. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og ákvarðar um starf hans og kjör.

Framkvæmdastjóri er talsmaður stofnunarinnar, annast daglegan rekstur, fer með stjórn fjármála og annast reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Hann vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar, öflun fjár, framkvæmd verkefna og því sem stjórn ákvarðar hverju sinni. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk í samráði við stjórn og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11. gr.

Endurskoðun og reikningsskil.

Stjórn skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag. Skal hann/það rannsaka reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir stjórnarfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar. Ársreikningur skal gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

12. gr.

Reikningsárið.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið.

Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. maí ár hvert.

13. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.

14. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Sköpunarmiðstöðina nr. 785/2024 sem staðfest var af sýslumanninum á Norðurlandi vestra 20. júní 2024. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 8. september 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Bergrún Halldórsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 22. september 2025